

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2010

EFNI: ATHUGASEMDIR 365 MIÐLA EHF. VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM FJÖLMIÐLA, 198. MÁL.

Samantekt:

365 miðlar ehf. (hér eftir: 365) telja jákvætt að sett verði heildarlöggjöf um fjölmiðla óháð miðlunarleið. 365 tekur þó fram að það er ekki ásættanlegt að allar greinar tilvonandi laga um fjölmiðla gildi jafnhendis um fjölmiðla í einkarekstri annars vegar og hins vegar um fjölmiðil sem nýtur milljarða fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins, og þá aðallega vegna þeirrar ósanngjörnu samkeppnisaðstöðu sem það fyrirkomulag skapar.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að við samningu frumvarpsins hafi víða verið leitað fanga, og meðal annars hafi verið leitað álits hjá hagsmunaaðilum. Það kemur 365 á óvart og verður að gagnrýna að í þeirri vinnu hefur lítið verið haft samband við fulltrúa félagsins og 365 hafði ekki kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri fyrr en þegar allur grunntónn frumvarpsins hafði verið sleginn. 365 gagnrýnir það verklag í vinnslu frumvarpsins þar sem mörg atriði þess munu ráða úrslitum um framtíð sjónvarpsstöðva 365, Stöðvar 2, bæði sem áskriftarsjónvarps sérstaklega og almennt einkafyrirtækis á markaðnum. Varðandi framtíð áskriftarsjónvarpsins er sérstaklega vert að minnast á að það er rökstutt á bls. 8 í umsögn þessari að ákvarðanir opinberrar stofnunar um að fela eftir atvikum öðrum aðila en fyrirtækinu sjálfu að halda utan um áskriftarkerfi Stöðvar 2, jafngilda beinni ákvörðun um að leggja Stöð 2 niður. Samt hefur ekki verið talin ástæða til að ráðfæra sig neitt við 365 um málið.

Stærsti gallinn við frumvarpið er augljóslega að engar hömlur eru settar við sókn Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir: RÚV) í viðbótartekjur á frjálsum markaði, þar sem RÚV getur beitt undirboðum í krafti skattpeninga sem það og hefur gert samkvæmt ýmsum dæmum og athugunum samkeppnisyfirvalda. Óbreytt felur frumvarpið í sér þá stefnumörkun til lengri tíma að útrýma einkarekstri á þessu sviði atvinnulífsins. Virðist enginn gaumur gefinn að því í frumvarpinu að það sé æskilegt að aðrir miðlar en

þeir sem eru undir verndarvæng ríkisins þrífist á markaðnum. Sú leið sem hér er lagt upp með hefur hvergi verið farin í veröidinni, svo vitað sé, og er það af augljósum ástæðum.

Þess er skemmst að minnast að 14. nóvember 2008 gaf Samkeppniseftirlitið út álit nr. 4/2008 þar sem niðurstaðan var sú að háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði raskaði samkeppni og þannig mætti ekki rekja erfiða stöðu keppnauta RÚV eingöngu til samdráttar á auglýsingamarkaði heldur ekki síst til þeirra ósanngjörnu samkeppnisaðstæðna sem ríkja á markaðnum og stafa af ákvæðum laga um RÚV og samkeppnishamlandi hegðunar fyrirtækisins á auglýsingamarkaðnum. Jafnframt er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að breyta beri starfsumhverfi RÚV til að koma í veg fyrir þá miklu samkeppnislegu mismunun sem leiðir af óbreyttri starfsemi RÚV á markaði fyrir birtingu auglýsinga og fyrir kostun og beindi stofnunarinnar því eftirfarandi til menntamálaráðherra:

„Ljóst er að fullur samkeppnislegur jöfnuður næst ef RÚV hverfur af auglýsingamarkaði og starfsemi þess yrði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Með hliðsjón af núverandi efnahagsástandi getur slík aðgerð stuðlað að því að einkareknir ljósvakamiðlar geti starfað áfram. Er þetta til þess fallið að tryggja valkosti almennings á sviði fjölmiðlunar. ... Telji menntamálaráðherra og/eða löggjafinn ekki tækt að RÚV hverfi af markaði fyrir sölu auglýsinga í útvarpi, eða á meðan verið er að koma því svo fyrir að RÚV hverfi af umræddum markaði, telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að verulega verði dregið úr umsvifum félagsins á markaðnum og félaginu settar skýrar reglur sem takmarka umrædda starfsemi þess. Slíkar reglur þurfa að vera skilvirkar, einfaldar og gagnsæjar þannig að auðvelt verði að fylgja þeim eftir, bæði fyrir félagið sjálft, keppnauta þess og til þess bæra eftirlitsaðila. Nauðsynlegt er að reglurnar feli m.a. í sér að sett verði ófrávikjanleg gjaldskrá sem lúti staðfestingu og eftirliti, svokallaðar fribirtingar verði óheimilar, auglýsingatíma verði settar skorður svo og allri markaðssókn, óheimil verði að birta auglýsingar inni í dagskrárefni og kostun verði óheimil enda skapar hún ógagnsæi og er til þess fallin að mismuna viðskiptamönnum félagsins.“

Að þessu virtu er óskiljanlegt af hverju athugasemdir við frumvarpið víkja ekkert að þessu nýlega og vandaða álit Samkeppniseftirlitsins, né að nokkuð tillit sé tekið til niðurstöðu þess við mótun reglna frumvarpsins, og þá sérstaklega vegna reglna um viðskiptaorðsendingar eins og síðar verður vikið að.

Einnig ber að minna á þá mismunun sem fóigin er í því að RÚV situr ekki við sama borð og einkaaðilar þar sem RÚV greiðir fjarskiptafyrirtækjum ekkert í dag fyrir að dreifa sjónvarpsmerkjum sínum og því lendir allur sá kostnaður á einkaaðilum sem skekkir samkeppnisstöðu verulega.

365 gerir nánar tiltekið eftirfarandi athugasemdir við nokkrar tiltekna greinar frumvarpsins:

III. KAFLI FRUMVARPSINS UM STJÓRNSÝSLU

Fjölmiðlanefnd - 7. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er að finna tillögur að einfaldari og skilvirkari stjórnarsýslu hvað fjölmiðla varðar og eftirlit með þeim. 365 hefur um árabíl þurft að sæta því að RÚV hafi brotið reglur sem hefur skaðleg áhrif á samkeppni á markaðnum án þess að nokkur viðurlög hafi af því hlotist, eins og kom fram í fyrrgreindu álit Samkeppniseftirlitsins, og er því von til að með tilkomu Fjölmiðlanefndar samkvæmt frumvarpinu verði eftirlit hert með starfsháttum RÚV og séð til þess með öflugri hætti að RÚV fylgi opinberri gjaldskrá sem og að viðurlögum verði beitt.

V. KAFLI FRUMVARPSINS UM RÉTTINDI OG SKYLDUR FJÖLMIÐLAÞJÓNUSTUVEITENDA

365 gerir engar athugasemdir við þennan kafla frumvarpsins fyrir utan eftirfarandi greinar kaflans:

Ritstjórnarlegt sjálfstæði – 24. gr. Frumvarpsins

365 lýsir yfir áhyggjum sínum varðandi c-lið greinarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði þar sem segir að í reglum um slíkt sjálfstæði skuli m.a. fjallað um „skilyrði áminningar og brottvikningar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.“ 365 tekur undir mikilvægi þess að blaða- og fréttamenn sinni störfum sínum án þess að vera á einhvern hátt uppteknir af því hvort að efnisinnihald fréttanna sé yfirmönnum þeirra eða eigendum miðils á einhvern hátt á móti skapi. Hins vegar telur 365 að greinin innleiði of þunglamalegt fyrirkomulag á samskiptum við starfsfólk. Engar venjur eða hefð er fyrir því í einkafyrirtækjum á íslenskum vinnumarkaði að starfsfólki séu veittar formlega áminningar og þá væntanlega að eftirfarandi brottvikning verði að vísa til sambærilegra „brota“ og áður hefur verið áminnt fyrir. Þess háttar reglur eru almennt taldar hamla nauðsynlegu svlgrúmi í rekstri í opinbera geiranum á Íslandi, sbr. nýlega skoðanakönnun meðal forstöðumanna ríkisstofnana þar um, sem fjallað var um í fjölmiðlum. Það ber að hafa í huga að of flókið ferli við uppsagnir vinnur líka gegn ráðningum. 365 þætti mun eðlilegra að reglur um sjálfstæði kvæðu á um fyrirkomulag rökstuðnings fyrir uppsögnum. „Brotvikning“ er hugtak af vettvangi embættismanna og á ekki við hér.

Vernd barna gegn skaðlegu efni - 28. gr. frumvarpsins

365 gerir engar athugasemdir við greinina enda er hún efnislega í samræmi við vinnureglur 365. Hins vegar bendir 365 á óskýr mörk á milli 1. og 2. mgr. greinarinnar.

Framboð til myndefnis - 33. gr. frumvarpsins

Í greininni segir að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í dagskrárefni frá Íslandi og Evrópu. 365 finnst óskiljanlegt af hverju stjórnvöld finni sig knúin til að skipta sér af hvaðan dagskrárefni einkarekinna fjölmiðla kemur og hvernig það er valið, í stað þess að leggja þann dóm í hendur neytenda.

Stöð 2, sem er í eigu 365, hefur alltaf verið framarlega í íslenskri dagskrárgerð og því er hlutfall af innlendu efni á dagskrá Stöðvar 2 um fjórðungur. Annað efni frá Evrópu er um og undir 5% hverju sinni. Það er því augljóst að - dagskrárefni á Stöð 2 er ekki að meiri hluta frá Evrópu, og áskrifendur kunna því ágætlega. Þrátt fyrir að 365 taki undir mikilvægi íslensks dagskrárefnis, og hafi staðið undir mikilli framleiðslu á íslensku efni með stolti, þá er skritið að stjórnvöld hafi uppi skoðanir á því úr hvaða heimshluta erlend dagskrá komi frá.

Þrátt fyrir að engin viðurlög séu við því að verða ekki við tilmælum greinarinnar vill 365 gagnrýna að slík stefnumótun um dagskrárefni sé bundin í lög. Taka má fram að ekki er annað að sjá en að með henni sé farið gegn 1. grein frumvarpsins þar sem eru tekin fram markmið laganna, og þá meðal annars að stuðla að fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim markaði.

Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum - 34. gr. frumvarpsins

365 bendir á athugasemdir sínar varðandi 33. gr. og ítrekar að Stöð 2 er fjarri því að að minnst 10% af útsendingartíma sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

VI. KAFLI FRUMVARPSINS UM VIÐSKIPTAORÐSENDINGAR OG FJARSÖLU

Almennt um kafla frumvarpsins

Í greinargerð með frumvarpinu segir að kaflinn taki annars vegar til almennra meginreglna sem gilda eigi um alla fjölmiðla og hins vegar reglna sem einungis lúta að hljóð- og myndmiðlun. Hins vegar segir ekkert í frumvarpinu um reglur um viðskiptaorðsendingar annars vegar gagnvart miðlum sem njóta ríkisstyrks, umfram einkarekna aðila á markaðnum. 365 kemur það mikið á óvart, ef ekki er fastar að orði kveðið, þar sem það er í fullkominni andstöðu við þróun reglna og stjórnsýsluákvæðana undanfarinna ára gagnvart þeirri ójöfnu og ósanngjörnu samkeppnisstöðu sem hefur verið á markaðnum og farið vaxandi með breytingum RÚV á undanförunum árum.

Eins og áður hefur verið minnst á gaf Samkeppniseftirlitið út mjög afgerandi álit um þann samkeppnislega skaða sem vera RÚV veidur á auglýsingamarkaði. Með vísan til þess sem þar segir er óskiljanlegt af hverju hvorki er vikið að álitinu í athugasemdum við frumvarpið, né að nokkuð sé tekið tillit til niðurstöðu þess við mótun reglna frumvarpsins um viðskiptaorðsendingar. Það má því miður draga þá ályktun að enginn vilji hafi staðið til þess að taka mið af tilmælum Samkeppniseftirlitsins og vakna vissulega spurningar um hverju það sæti. Ef einkarekstur á markaðnum á að hafa tök á því að þrífast verða þeir sem koma að lagamótun markaðarins að hafa áhuga á að rekstrarumhverfi atvinnugreinarinnar sé heilbriggt en því er augljóslega ekki að heilsa. Með frumvarpinu er þvert á móti verið að auka hina gífurlegu mismunun sem þegar er á fjölmiðlamarkaði hér á landi.

Þess ber að minnast að það var vegna fyrrgreinds álits Samkeppniseftirlitsins, og vinnu sem fór fram í kjölfar þess í tilefni af samningu frumvarps um takmörkun RÚV á auglýsingamarkaði, sem ákveðið var að hækka nefskatt til RÚV. Talið var að þar sem RÚV myndi verða fyrir tekjumissi vegna takmarkana á auglýsingamarkaði þyrfti að styðja við stofnunina með hækkun nefskatts. Frumvarp um takmarkanir náði

síðan ekki fram að ganga. Í dag er því um algjöra U-beygju að ræða hjá stjórnvöldum þar sem hvorki á að takmarka veru RÚV á auglýsingamarkaði, né afnema sérstaka hækkun nefskattsins sem var upphaflega hugsuð sem einhvers konar sárabætur vegna missis auglýsingatekna.

Með vísan til álits Samkeppniseftirlitsins eru eftirfarandi athugasemdir við ákveðnar greinar í kafla frumvarpsins um viðskiptaorðsendingar, og tillögur eftir atvikum að því hvernig færi betur á að haga reglunum með tilliti til samkeppnislegra hagsmuna. 365 gerir að mestu leyti ekki athugasemdir við þær reglur sem frumvarpið kveður á um varðandi viðskiptaorðsendingar, að því leyti sem það á við um 365, og aðra einkarekna fjölmiðla, en gerir hins vegar athugasemdir við það að engar takmarkanir eru á tekjuöflun RÚV með viðskiptaorðsendingum, fyrir utan ákvæði um vöruinsetningu.

Almennar meginreglur - 37. gr. frumvarpsins

365 gerir engar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins nema að því leyti að engar viðmiðanir eru um hvernig túlka eigi d.líð þar sem segir að viðskiptaorðsendingar og fjarsala skuli ekki hvetja til hegðunar sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd. 365 vill beina því til frumvarpshöfunda að varhugavert sé að hafa engar viðmiðanir um hvað felist í slíkri „hegðun“ þar sem annars getur það einungis verið háð valdhöfum hverju sinni og viðmiðunum þeirra í hverju það felst.

Tímar fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot í hljóð og myndefni - 41. gr. frumvarpsins

365 gerir engar athugasemdir við hlutfall auglýsinga innan hverrar klukkustundar hvað sig eða aðra einkarekna fjölmiðla varðar, en gerir hins vegar eftirfarandi tillögur til að bæta samkeppnisstöðu þeirra fjölmiðla gagnvart RÚV:

- a) Hlutfall auglýsinga af daglegum útsendingartíma Ríkisútvarpsins ohf., að kjörtíma undanskildum, skal eigi vera hærra en 10% af útsendingartíma. Á kjörtíma skal þetta hlutfall eigi vera hærra en 5%. Kjörtími í sjónvarpi telst útsendingartíminn frá klukkan 19 til 22. Kjörtími í útvarpi telst útsendingartíminn frá klukkan 07 til 19.
- b) Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að rjúfa dagskrárliði sem eru styttri en 45 mínútur með auglýsingatíma.

Rökstuðningur þess að nauðsynlegt sé að takmarka vægi RÚV á auglýsingamarkaði hefur áður komið fram en til nánari glöggvunar er bent á álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 frá 14. nóvember 2008 og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. sem var í vinnslu haustið 2008 til að stemma stigu við skaðlegum samkeppnisáhrifum RÚV á auglýsingamarkaði.

Bann greinarinnar við auglýsingum í dagskrárefni fyrir börn:

Varðandi síðustu málsgrein þessarar greinar frumvarpsins um auglýsingabann í dagskrá ætlaðri börnum gerir 365 þær athugasemdir að í því árferði sem nú ríkir í samfélaginu, með tilheyrandi samdrætti á auglýsingamarkaði, er fyrirsjáanlegt mikið tekjutap ef bundið verður í lög mikil takmörkun við auglýsingum á tíma dagskrár ætlaðrar börnum yngri en 12 ára. Í tilviki 365 er um gríðarlega hagsmuni að

ræða sem gæti valdið því að þjónusta við börn myndi bæði minnka og versna. Það er staðreynd í því árferði sem nú ríkir að erlend dagskrárkaup eru mjög dýr, og svo bætast við þýðingar og talsetningar sem 365 hefur alltaf lagt sig fram um að gera vel gagnvart ungum áhorfendum. Stöð 2 var fyrst til að talsetja barnaefni og hefur alltaf haft forystu í dagskrárgerð fyrir börn. Mikil takmörkun á auglýsingum í barnaefni mun leiða til tuga milljóna króna tekjutaps og það segir sig sjálf að ef það takmarka möguleika fyrirtækisins til að koma með auglýsingatekjur til móts við þennan mikla kostnað sem er af barnaefni, mun það koma niður á þjónustunni, nema að ríkisvaldið hyggist samhliða styrkja fleiri en RÚV til slíkrar dagskrárgerðar.

365 hefur alltaf lagt sig fram um að stilla auglýsingum gagnvart börnum í hóf, og að efni þeirra sé þeim sæmandi. 365 hefur í þessu skyni ávallt stuðst við vinnureglur fyrirtækisins með réttindi barna að leiðarljósi.

365 telur einnig ósanngjarnt ójafnræði felast í því að blátt og fyrirvaralaust bann sé lagt við því að auglýsingar séu á dagskráartímum fyrir börn í áskriftarsjónvarpi, sem í vaxandi mæli má horfa á þegar áskrifanda hentar, þegar engar hömlur eru á auglýsingum á ýmsu öðru efni ætluðu börnum, til að mynda á DVD-diskum, þar sem börn horfa alla jafna jafn mikið á sjónvarp og DVD og undir sambærilegu eftirliti frá forráðaaðilum. .

365 leggur því til að sér, og öðrum einkareknum fjölmiðlum, verði annaðhvort veittur ríkisstyrkur til að geta sinnt þjónustunni gagnvart börnum eða gefið tækifæri til að auglýsa í dagskrá ætlaðri börnum yngri en 12 ára með þeim skilmálum að hlutfall auglýsinga á klukkustund fari aldrei yfir 5% og að grein 38. greinar frumvarpsins um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum yrði að sjálfsögðu virt. Til vara er hér lagt til að ofangreind tillaga um heimild einkaaðila til auglýsinga í barnatímum með fyrrnefndum takmörkunum sé einungis til bráðabirgða, til dæmis til fimm ára, eða þar til árferði hefur vænkast og samdráttur á auglýsingamarkaði hefur minnkað um ákveðið hlutfall.

Kostun hljóð og myndefnis - 42. gr. frumvarpsins

365 gerir engar athugasemdir við hlutfall auglýsinga innan hvernar klukkustundar hvað sig eða aðra einkarekna fjölmiðla varðar, en gerir hins vegar eftirfarandi tillögu til að bæta samkeppnisstöðu þeirra fjölmiðla gagnvart RÚV:

- a) Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að afla tekna með kostun.

Rökstuðningur þess að nauðsynlegt sé að takmarka vægi RÚV á auglýsingamarkaði hefur áður komið fram en til nánari glöggvunar er bent á álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 frá 14. nóvember 2008 og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. sem var í vinnslu haustið 2008 til að stemma stigu við skaðlegum samkeppnisáhrifum RÚV á auglýsingamarkaði. Slíkt bann við kostun RÚV þarf ekki að leiða til þess að RÚV geti ekki sinnt skyldum við kostendur annarra aðila, t.d. samkvæmt samningum um innkaup á íþróttæfni eða menningarefni.

VII. KAFLI UM REGLUR UM FLUTNING MYNDEFNIS

Flutnings skylða á myndefni - 44. gr. frumvarpsins

365 gerir eftirfarandi athugasemdir við 2. mgr. 44. gr.

Í fyrsta lagi ber að nefna þá ósanngjörnu mismunun sem fólgin er í því að í dag situr RÚV ekki við sama borð og einkaaðilar þar sem RÚV greiðir fjarskiptafyrirtækjum ekkert fyrir að dreifa sjónvarpsmerkjum sínum. Því lendir allur fjarskiptakostnaður á einkaaðilum sem skekkir samkeppnisstöðu verulega. Ekki er skýrt í frumvarpinu að tekið sé með einhverjum hætti á þessari mismunun með því að RÚV greiði fyrir flutning eins og aðrir.

365 telur að ef fjarskiptafyrirtæki getur takmarkað framboð á flutningsgetu við einn þriðja af heildar flutningsgetu muni það valda óeðlilegri verðmyndun á flutningi sjónvarpsendinga. 365 telur einnig að ef áhorf skuli ráða hvort eftirspurn er meiri en framboð, þá sé um rangan mælikvarða að ræða þar sem áhorf á læsta dagskrá muni alltaf verða minna en á opna dagskrá og þar með er samkeppnisstaða áskriftarsjónvarps lakari en opins auglýsingasjónvarps, eins og t.d. RÚV, og þá sérstaklega þar sem hugtakið „áhorf“ er ekki skilgreint í frumvarpinu.

365 telur einnig að ef fjölmiðlaþjónustuveitandi eigi að sjá um að koma útvarpsmerki að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á viðeigandi formi sé það skilgreint of þröngt þar sem fjarskiptafyrirtæki getur ekki ráðið einhliða hvar og hvernig útvarpsmerki er afhent.

365 gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við lokamálsgrein 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að flytja sjónvarpsendingar RÚV. Þessi forgangur RÚV er óskiljanlegur í ljósi þeirrar forgjafar sem RÚV nýtur þegar samkvæmt frumvarpinu og leggur 365 til að lokamálsgreinin verði felld á brott. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um neinar takmarkanir á því hversu mikillar flutningsgetu sjónvarpsmerki RÚV má krefjast né heldur hvort takmörkunin eigi við einungis við sjónvarpsrás RÚV. Ef ákvæðið nær fram að ganga er því mikil hættu á að RÚV geti í raun bolað keppinautum út af markaðnum þar sem flutningsgeta er takmörkuð auðlind.

365 mótmælir því harðlega að breytt sé eftir á yfirlýstum áætlunum stjórnvalda um að hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010. 365 hefur að sjálfsögðu lagað sig að þessum kröfum og lagt út í mikinn kostnað samfara því en nú virðist eiga að hverfa frá þeirri áætlun af því að ríkisfyrirtækið er ekki búið að laga sig að kröfum fjarskiptaáætlunarinnar. Þetta veldur 365 óþarfa útgjöldum þar sem reka þarf og greiða fyrir tvö dreifikerfi og hliðræn tækni hefur hamlandi áhrif á tæknilega uppbyggingu hjá 365. 365 hefur lagt í mikinn kostnað við að fylgja þeirri stefnumótun að hliðræn dreifing yrði lögð niður 2010. Að sama skapi þurfa fjarskiptafyrirtæki að viðhalda tveimur dreifikerfum í lofti sem auka frekar á óhagræði í fjölmiðladreifingu.

Flutningsréttur á myndefni - 45. gr. frumvarpsins

365 gerir athugasemdir við að í ákvæðið vantar að fjarskiptafyrirtæki skuli taka við útvarpsmerki við tengipunkt fjölmiðlaþjónustuveitenda á því formi sem fjölmiðlaþjónustuveitandi afhendir í samræmi við

það sem er tekið fram í 44. gr. frumvarpsins. 365 vill koma því á framfæri að það sé ekki eðlilegt að setja skilyrði þess eðlis að fjölmiðlaþjónustuveitanda sé skylt að semja svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefni um öll stafræn fjarskiptanet. Það hlýtur að vera sanngjarnara að fjölmiðlaþjónustuveitandi fái að ráða því fyrir hvaða tegundir stafrænna fjarskiptaneta hann vill greiða rétthafa efnis. Sumt efni gæti verið þess eðlis að ekki sé í boði dreifing á öllum stafrænum fjarskiptanetum. Gott dæmi um það er efni í háskerpu.

Málsmeðferð og framkvæmd - 46. gr. frumvarpsins

365 gerir þær athugasemdir að við röðun rása á fjarstýringar ætti einnig að taka mið af eðlislægum þáttum í þeim rásum sem í boði eru hvort sem þar er íslenskt tal og/eða texti. Fjarskiptafyrirtæki ættu að reyna eftir fremsta megni að samræma slíkar niðurraðanir á fjarstýringar.

Óskiljanleg atлага að viðskiptatengslum

Það er jafnframt álit 365 að fjölmiðlaþjónustuveitandi eigi alltaf að stjórna áskriftarkerfi þar sem það er mikilvægt að samband notenda við þann aðila sem þjónusta er keypt af sé milliliðalaus. Það er ekki eðlilegt að opinberir aðilar eins og Póst- og fjarskiptastofnun fái heimild til að ákveða hvaða aðili skuli fara með viðskiptatengsl fjölmiðlaþjónustuveitanda. Það er óumdeilt að það er forsenda fyrir tilveru Stöðvar 2 að fyrirtækið sé sjálft í beinum tengslum við sína áskrifendur. Ef slík tengsl yrðu rofin myndi það jafngilda ákvörðun stjórnvalda um að leggja Stöð 2 niður. Stöð 2 selur þrjár íslenskar sjónvarpsrásir í áskrift og endurvarpar fjölmörgum erlendum rásum í mismunandi áskriftarpökkum. Heildarfjöldi áskrifta hefur verið á bilinu 70 – 95.000 á undanförunum árum. Töluverð velta er í áskriftarhópnum og mikil áhersla verið lögð á að halda sambandi við áskrifendur og gera þeim sem segja upp áskrift tilboð um að koma aftur. Árangur stöðvarinnar í útbreiðslu er einstakur. Tilraunir til að fela öðrum umsjón sölumens og þjónustumens hafa gefist illa. Hér á landi er ekki til að dreifa sjálfstæðum dreifingarfyrtækjum heldur er um að ræða símafyrirtæki sem hafa haft lagt meiri áherslu á að selja aðrar vörur sem bera meiri álagningu en sjónvarpsdagskrá. Ef hið opinbera ákveður að fela öðrum aðila (dreifiveitum) að halda utan um viðskiptamannaskrána og annast sölu samhliða ýmsu sem dreifikerfin bjóða upp á, hefði Stöð 2 einungis tvo til þrjá viðskiptavinum og ekkert milliliðalaust samband við sína áskrifendur. Ekki væri hægt að halda áfram að reka vildarklúbb, sem einn og sér er einstakur þáttur í starfsemi Stöðvar 2. Það er útilokað að Stöð 2 gæti við þær mögulegu breytingar sem hér er lýst, haldið fjölda áskrifenda neitt nálægt því sem nú er. Það hefði afdrifarík áhrif á möguleika Stöðvar 2 til að standa undir núverandi dagskráarkostnaði, meðal annars metnaðarfullri íslenskri dagskrárgerð. Það er því óskiljanlegt með öllu af hverju opinber nefnd er að gæla við svo fjandsamlegar breytingar á starfsumhverfi 365 án þess að nokkurt tilefni sé til. Með áskriftarkerfi er átt við kerfi sem heldur utan um hvaða notendur eru með hvaða áskrift, hvernig áskrift skal greiddast, hvað notandi skal greiða fyrir áskrift hverju sinni og samskipti fjölmiðlaþjónustuveitu við notanda. Markaðurinn hefur þróast á þann veg að engir árekstrar eru hér á landi á milli efnis- og dreifiveitna um þessi efni. Tilefni til afskipta löggjafans vegna mögulegra árekstra á milli efnis- og dreifiveitna er nákvæmlega ekkert. Hætta er á að slík afskipti skekki eðlileg markaðsviðskipti og samkeppni.

Ákvörðun endurgjalds vegna flutnings myndefnis - 47. gr. frumvarpsins

365 telur ekki eðlilegt að fjölmiðlaþjónustuveitandi eigi að greiða endurgjald fyrir flutning á myndefni sem byggist eingöngu á stofn og rekstrarkostnaði hjá fjarskiptafyrirtæki. Það að fjarskiptafyrirtæki hafi valið að fjárfesta í dýrum búnaði eða valið dýrar staðsetningar sem skapa óþarflega háan rekstrarkostnað á ekki að vera íþyngjandi fyrir rekstur fjölmiðlaþjónustuveitna.

Ekki er ljóst hvaða aðra þjónustubætti Póst- og fjarskiptastofnun gæti verið að ákveða gjald fyrir. Slíkar gjaldskrár gætu haft verulega íþyngjandi áhrif á þegar gerða samninga um flutning á efni.


Varðandi það að „Við ákvörðun á endurgjaldi fyrir sjónvarpsútsendingar í tilviki flutningsréttar þegar fjarskiptafyrirtækið stýrir áskriftarkerfinu er heimilt að byggja á kostnaði við öflun viðkomandi sjónvarpsefnis auk hæfilegrar álagningar eða miða við hæfilegan afslátt frá því verði sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn býður notendum sínum sjálfur“ ítrekar 365 sína fyrri athugasemd við 46. gr. um að fjölmiðlaþjónustuveitandi eigi alltaf að stjórna áskriftarkerfinu og því sé þessi efnisgrein óþörf.

Ákvæði til bráðabirgða um að menntamálaráðherra muni skipa nefnd til að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði hér á landi

365 gerir engar athugasemdir við fyrirhugaða nefndarvinnu nema að því leyti að það áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum í þeirri vinnu. Ennfremur minnir 365 á niðurstöðu álits Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 frá 28. nóvember 2008, þar sem segir að Samkeppniseftirlitið telji að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki eru fleiri öflugar sjónvarpsstöðvar hér á landi en raun ber vitni og eignarhald þeirra ekki dreifðara.

Að lokum er þess óskað að fulltrúum 365 verði gefið tækifæri til að reifa sjónarmið sín frekar á fundi menntamálanefndar.

Virðingarfyllt,



Ari Edwald
Forstjóri 365 miðla ehf.